

Ed. 482. Frumvarp til laga [151. mál]

um breyting á lögum nr. 40 16. maí 1955, um Fiskveiðasjóð Íslands.

(Eftir 2. umr. í Ed., 19. maí.)

1. gr.

Á eftir 1. másl. 1. málgr. 5. gr. laganna komi nýr másl., svo hljóðandi:
Þó má veita eigendum innlendra skipasmíðastöðva bráðabirgðalán til smíði fiskiskipa, meðan á smíði stendur, gegn ríkisábyrgð.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.